



Ytra mat

Leikskólinn Hvammur

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Inga Dóra Jónsdóttir og Guðrún Samúelsdóttir
© Menntamálastofnun, 2016.
ISBN 978-9979-0-2092-9

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn.	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag og skipurit.	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	11
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	13
Námsaðstæður	13
Starfshættir	14
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	14
Námssvið	14
Velferð og líðan barna	15
Mat á námi og velferð barna	15
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	16
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	16
Viðhorf foreldra	16
Samstarf við grunnskóla	16
Annað samstarf	17
Skóli án aðgreiningar	17
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	17
Börn með annað móðurmál en íslensku.	17
Innra mat	18
Skipulag og viðfangsefni	18
Gagnaöflun og vinnubrögð	18
Opinber birting og umbætur	18
Matsþættir	19
Samantekt.	20
Lokaorð	23
Heimildir.	24

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og fræðsluráð einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Hvammur í Hafnarfirði er 6 deilda leikskóli sem er rekinn af Hafnarfjarðarbæ. Hann hóf starfsemi sem þriggja deilda leikskóli árið 1988. Byggt var við húsið og einni deild bætt við árið 2003 síðan komu tvær lausar kennslustofur við skólann árið 2007. Í Hvammi dvelja 125 börn á aldrinum 18. mánaða til 6 ára.

Húsnæði leikskólans uppfyllir í meginatriðum lágmarksaðstöðu í leikskólum samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 og reglugerð nr. 655/2009 um starfsemi leikskóla. Þó er æskilegt að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna svo sem aðstöðu til undirbúnings starfsmanna, vinnuaðstöðu aðstoðarleikskólastjóra og aðstöðu til funda og viðtala. Útileiksvæði leikskólans er ekki stórt miðað við fjölda barna en það er ágætlega búið leiktækjum, fjölbreytt landslag og aðstaða til grófhreyfinga er góð. Starfsfólk leikskólans nýtir vel annað umhverfi leikskólans til náms og útiveru barnanna og skipuleggur útiveru vel.

Hlutfall leikskólakennara er 22% sem uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu leikskólakennara. Einkunnarorð Hvamms eru Vinátta, Jákvæð samskipti og Jafnrétti og endurspeglast þau vel í starfi leikskólans, þó má gera þau sýnilegri á veggjum skólans.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Skólanámskrá var endurgerð árið 2016 með aðkomu allra starfsmanna en huga þarf að aðkomu foreldra og barna við næstu endurskoðun skólanámskrár. Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu skólans. Starfsáætlun fyrir skólaárið 2016–2017 lá fyrir en hún er ekki á heimasíðu leikskólans. Starfsfólk fær mikla hvatningu til símenntunar frá stjórnendum en gera þarf símenntunaráætlun starfsmanna og hafa í starfsáætlun. Nokkuð er til af skráðum gögnum til stuðnings við leikskólastarfið og má þar nefna leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn, jafnréttisáætlun, eineltisáætlun, áætlun og viðbrögð við áföllum og slysum. Gott samstarf er við fræðslu- og frístundasvið Hafnarfjarðar um stuðning og fræðslu. Stjórnendur aðhyllast lýðræðisleg vinnubrögð og dreifða stjórnun og starfar stjórnendateymi og samráðsteymi við skólann. Starfsandi og skólabragur er góður og mikill metnaður í starfi skólans. Viðmót stjórnenda er gott, starfsfólk kallaði þó eftir því að stjórnendur væru sýnilegri og kæmu meira inn á deildir til að fylgjast með starfinu og veita endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Leikskólinn tekur mið af Hjallastefnunni án þess að vera Hjallaskóli. Aldurs- og kynjaskipt er á deildum og dagskipulag tekur mið af Hjallastefnunni. Fjöldi barna á deildum er mismunandi frá ári til árs, fer eftir fjölda í árgangi hverju sinni. Starfsmenn sögðu það oft erfitt þegar fjöldi barna fer yfir ákveðin mörk. Lögð er áhersla á að börn tileinki sér aga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð og er tekið mið af ýmsum kenningum s.s. uppbyggingarstefnu Diane Gossen, framfarastefnu John Dewey, heimspeki Platons, Caroline Pratt og fjölgreindarkenningu Gardners. Leikskólinn er skóli á grænni grein og er með grænfánann. Þá hefur leikskólinn verið forystuskóli í markvissri málörvun með áherslu á tvítýngi frá haustinu 2006. Efniviður er fábrotinn en tekur mið af stefnu skólans. Börnin velja sér svæði og eru samskonar valsvæði á öllum deildum skólans. Börnin fara úr útiveru annan hluta dagsins. Dagskipulagið er skýrt og aðgengilegt og lítið er breytt út frá því eða það endurmetið. Börnin þekkja reglur skólans en segjast ekki hafa komið að því að semja þær. Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar. Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár. Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með skólann, tala um að líðan barnanna sé góð og að þau tali vel um leikskólann heima. Reglulegar skráningar eru gerðar á

framförum allra barna og samvinna er við foreldra um mat á námi þeirra. Viðurkenndar skimanir eru notaðar til að meta málprosa þeirra. Auka mætti uppeldisfræðilegar skráningar, lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á skipulag leikskólustarfsins

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans, samskipti við stjórnendur og starfsmenn og upplýsingarstreymi frá skólans hendi. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Í stjórn sitja 11 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Stjórn fundar reglulega og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu. Í foreldraráði sitja tveir fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins. Foreldraráðið fundar ekki reglulega og ekki eru skráðar fundargerðir. Fulltrúum er óljóst hvert hlutverk ráðsins er. Kjósa þarf í foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og þarf foreldraráð að setja sér starfsreglur, rita fundargerðir og birta á heimasíðu. Nýlega var skipt út heimasíðu leikskólans og vantar ýmsar upplýsingar á nýju síðuna s.s. skóladagatal, starfsáætlun og upplýsingar um foreldraráð. Foreldraviðtöl eru 2x á ári og gefst foreldrum þar kostur á að taka þátt í endurmati á framförum barna sinna. Einu sinni í viku senda deildarstjórar tölvupóst til foreldra með fréttum úr starfinu. Þessar upplýsingar fara einnig á heimasíðu. Gott samstarf er á milli leikskólans og grunnskóla hverfisins.

Skóli án aðgreiningar

Vel er staðið að sérkennslumálum og er sérkennslustjóri starfandi við leikskólann sem hefur yfirumsjón með sérkennslumálum. Samráðsteymi er starfandi innan skólans sem í sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni fer erindi fyrir samráðsteymi. Leikskólinn nýtur þjónustu Fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðarbæjar. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörn í hópnum en unnið er með þau einstaklingslega ef þörf krefur. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir börn með skilgreindar fatlanir í samvinnu við foreldra. Í foreldraviðtölum við erlenda foreldra er alltaf notast við túlk. Æskilegt er að gera verkferla og skipulag sérkennslu skriflega, einnig verkferla ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni og skriflegt verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Að sögn stjórnenda fer mat reglulega fram á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Viðhorfskannanir eru gerðar annað hvert ár meðal foreldra og hitt árið meðal starfsmanna og eru niðurstöður nýttar í innra mat leikskólans. Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum leikskólans út frá tilgreindum viðmiðum. Tímasetja matið, tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig skuli afla gagna. Þá þarf að tryggja að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsmenn, foreldrar og börn. Greinagerðir um innra matið og umbótaáætlun á að birta á heimasíðu og /eða í starfsáætlun leikskólans.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Hvammi í Hafnarfirði. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Ingu Dóru Jónsdóttur og Guðrúnu Samúelsdóttur og fór fram á vettvangi í nóvember 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum¹.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi². Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra í lok október 2016 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólstjóra og sérkennslustjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Haft var samband við fræðslustjóra og þróunarfulltrúa fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðar.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til³. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

¹Lög um leikskóla nr. 90/2008.

²Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

³Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskólinn

Leikskólinn Hvammur hóf starfsemi 1988 þá sem þriggja deilda leikskóli⁴ en húsnæðið var endurbætt og einni deild bætt við 2003. Lausar kennslustofur bættust við skólann 2007 og er leikskólinn 6 deilda í dag. Leikskólinn er opinn frá 7:30–17:00. Í leikskólanum dvelja 125 börn á aldrinum frá 18 mánaða til 6 ára, 60 stúlkur og 65 drengir. 7 börn eru með skilgreinda tíma í sérkennslu en alls njóta 30 börn einhverskonar stuðnings. 25 börn eru af erlendum uppruna. Leikskólinn er rekinn af Hafnarfjarðarbæ.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 36 starfsmenn, 34 konur og tveir karlmenn. leikskólakennarar eru níu. Starfsmenn með aðra háskólamenntun eru níu. Ófagmenntaðir starfsmenn eru 12 og starfsmenn í atvinnu með stuðningi eru þrír en þeir eru utan stöðugilda leikskólans og greiðir sveitafélagið laun þeirra. Stöðugildi í eldhúsi eru 2.25%. Stjórnunarhlutfall leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er 150%. Staða aðstoðarleikskólastjóra er 50% og á mótí er hún 30% í afleysingum. Báðar eru með leikskólakennaramenntun auk þess er leikskólastjóri með diploma í stjórnun frá HÍ og aðstoðarleikskólastjóri með diploma í uppeldis og menntunarfræðum með áherslu á stjórnun frá HÍ. Sérkennslustjóri sem er sálfræðimenntaður er í 60% starfi sem sérkennslustjóri. Aðrir stjórnendur eru sex deildarstjórar, af þeim eru fimm með leikskólakennaramenntun og einn með BA próf í uppeldis- og menntunarfræðum. Einn starfsmaður er með MA próf í fötlunarfræðum og BA próf í félagsráðgjöf. Tveir starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun. Einn starfsmaður er með BA próf í félagsráðgjöf. Annar er með BA og MA próf í tónsmíðum. Einn starfsmaður er leikskólaliði. Tveir eru með íþróttakennaramenntun. Einn starfsmaður sem sinnir sérkennslu er í réttindanámi leikskólakennara. Aðrir starfsmenn eru ófaglærðir. Tveir karlmenn eru starfandi við leikskólann.

Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Stjórnendur hafa báðir starfað í áratugi við stjórnun skólans. Starfsmenn hafa verið duglegir að sækja sér aukna menntun og fengið hvatningu til þess frá stjórnendum. Í dag eru 6 starfsmenn nemar við HÍ bæði í leikskólakennara- og í grunnskólakennaranámi⁵. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla þar sem um 22% starfsmanna er með leikskólakennaramenntun. Óskað er eftir sakavottorði við ráðningu nýrra starfsmanna og allir skrifa undir trúnað og þagnarskyldu.

Húsnæði

Upphaflegt húsnæði skólans er frá árinu 1988 en var endurbætt og einni deild bætt við 2003. Lausar kennslustofur bættust við skólann 2007 og þar fer fram kennsla elstu barna leikskólans. Í dag eru starfræktar 6 deildir í leikskólanum. Húsnæði skólans er 670,9 fermetrar að flatarmáli, þá eru lausu kennslustofurnar ekki taldar með. Lausu kennslustofurnar eru tvö hús sett saman með sameiginlegum fataklefa. Hvor deild hefur til umráða 3 rými, salerni fyrir börn og annað fyrir starfsmenn, þá er sameiginlegt býtibúr. Yngstu börnin eru á tveimur deildum sem hvor hefur 2 rými, salerni og fataklefa, auk þess er sameiginlegt rými á milli deildanna sem er samnýtt. Miðdeildirnar tvær eru sín í hvorum enda hússins og hefur hvor deild yfir að ráða fjórum rýmum, salerni og fataklefa. Salur er í miðrými og er

⁴Skólanámskrá Hvamms.

⁵Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna, viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, starfsáætlun.

hann samnýttur. Góð hljóðvist er í skólanum. Sérkennslustjóri er með skrifstofu en aðstoðarleikskólalastjóri er með vinnuaðstöðu í sameiginlegu rými starfsmanna. Vinnuaðstaða starfsmanna er í miðrymi og er samnýtt sem skrifstofa aðstoðarleikskólalastjóra, fundarherbergi og kaffistofa. Þar er starfsmanna-salerni og læstir skápar fyrir starfsmenn. Þrjár litlar geymslur eru í miðrymi sem eru nýttar undir leikföng, efnivið og bækur.

Í rýnihópum og í viðtölum kom fram mikil óánægja með aðstöðuleysi starfsfólks svo og aðstöðuleysi fyrir undirbúning, viðtöl og fundi. Það var einnig mjög sýnilegt í vettvangsheimsókn, t.d. var erfitt að finna pláss fyrir rýniviðtöl. Þá kom fram í rýniviðtölum að bæta þurfi almennt viðhald á húsnæði, t.d. er lekavandamál⁶. Þó að húsnæði leikskólans uppfylli í meginatriðum lágmarksaðstöðu samkvæmt lögum um leikskóla nr 90/2008 og reglugerð nr.655/2009 um starfsumhverfi leikskóla er engu að síður nauðsynlegt að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að bæta mætti vinnuaðstöðu starfsmanna í fataklefum, t.d. að hafa stóla fyrir starfsmenn⁷.

Útileiksvæði

Útileiksvæði leikskólans Hvamms er ekki stórt miðað við fjölda barna en er ágætlega búið leiktækjum og með fjölbreytilegu landslagi, sléttlendi, hólum og brekkum. Stutt er síðan útbúið var afgirt leiksvæði fyrir yngstu börnin. Starfsmenn eru duglegir að nýta annað umhverfi leikskólans en garðinn. Mikið er farið í vettvangsferðir og opin svæði í nágrenni leikskólans eru nýtt til útileikja. Í vettvangsat-hugun voru útileikföng önnur en sandleikföng ekki sýnileg. Börn í rýnihópi töluðu um að það vantaði hjól í garðinn⁸.

Hugmyndafræði og áherslur

Einkunnarorð leikskólans eru: *vinátta, jákvæð samskipti, jafnrétti*⁹. Einkunnarorðin voru ekki sýnileg í starfsáætlun né á veggjum skólans en þau koma fyrir í skólanámskrá. Í rýnihópum leikskólakennara, starfsmanna og foreldra voru fæstir sem þekktu einkunnarorðin en í vettvangathugun kom vel í ljós að starf með börnunum var í anda einkunnarorðanna¹⁰. Samkvæmt skólanámskrá Hvamms sem var endurskoðuð 2016 er uppeldisleg sýn Hvamms að taka mið af Hjallastefnunni án þess að vera Hjalla-skóli. Hugmyndir Margrétar Pálu Ólafsdóttur um ólíkindi kynjanna eru hafðar að leiðarljósi. Börnunum er skipt upp í hópa eftir aldri og kyni. Lögð er áhersla á að börn tileinki sér aga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð og að allir geri sitt besta og þroski fjölbætta eiginleika sína. Börn eiga að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist. Styrkja skilning barna á sjálfbærni og stuðla að virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Jákvæð samskipti birtast meðal annars í því að börnin læri að setja sér mörk og temji sér frasa leikskólans, t.d. að segja: stopp, kæra vinkona/vinur. Þá er stuðst við kenningar Diane Gossen um uppbyggingu og uppeldi til ábyrgðar, framfarastefnu John Dewey, heimspeki Platons, Caroline Pratt svo og fjölgreindarkenningar Gardners. Leikskólinn tekur þátt í verkefninu skóli á grænni grein og er með grænfánann síðan 2013¹¹. Í vettvangathugun í leikskólanum komu áherslurnar mjög skýrt fram í starfinu og voru sýnilegar. Í rýniviðtölum voru starfsmenn mjög meðvitaðir um áherslurnar.

⁶ Rýniviðtal deildarstjóra og aðstoðarleikskólalastjóra.

⁷ Rýniviðtal starfsmanna.

⁸ Rýnihópur barna.

⁹ Skólanámskrá Hvamms.

¹⁰ Rýnihópar leikskólakennara, starfsmanna og foreldra.

¹¹ Skólanámskrá leikskólans Hvamms.

Styrkleikar

- Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskrá.
- Mikill metnaður er í starfsmannahópnum og markvisst er unnið að því að auka fagmenntun starfsmanna.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til náms og leikja, bæði garður leikskólans og annað umhverfi.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Bæta þarf funda- og vinnuaðstöðu starfsmanna
- Gera þarf einkunnarorð leikskólans sýnilegri.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir starfsmenn í fataklefa s.s. með stólum.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Hvamms er Hafnarfjarðarbær. Bæjarfélagið rekur 15 leikskóla í Hafnarfirði og þar að auki er þjónustusamningur við tvo leikskóla. Þjónusta við leikskóla Hafnarfjarðar er á vegum Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar og er fræðslustjóri yfirmaður leikskólastjóra. Þróunarfulltrúi sér um daglegan rekstur og fræðsluþjónustu. Sálfræðingar í 1.6% stöðugildi og einn talmeinafræðingur sinna leikskólum Hafnarfjarðar. Sérkennslufulltrúi og sérkennsluráðgjafi veita leikskólunum sérkennsluþjónustu s.s. að afgreiða sérkennslutíma og veita ráðgjöf. Þá situr sérkennslufulltrúi í teymi um bættan námsárangur, sér t.d. um að skoða, meta og safna saman niðurstöður varðandi skimanir um orðaforða 3ja ára barna. Sérkennsluráðgjafi er ráðgjafi um fjölmenningu leikskólanna s.s. barna af erlendum uppruna, hælisleitenda og kvótaflóttabarna¹². Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur eftirlit með starfsemi leikskóla í Hafnarfirði og kallar eftir starfsáætlunum, skóladagatölum, símenntunaráætlunum og ýmsum forvarnaráætlunum er viðkoma skólafarfinu og öryggismálum¹³. Móttökuferli nývístunarbarna á vegum bæjarfélagsins var tekið í notkun haustið 2015¹⁴ Að sögn leikskólastjóra er gott að leita til Fræðslu- og frístundaþjónustunnar með hin ýmsu mál. Í símaviðtali við sviðsstjóra Fræðslu- og frístundarsviðs Hafnarfjarðar kom fram að bæta mætti samskipti leikskóla og stoðþjónustu.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans Hvamms var endurgerð 2016 og tekur mið af aðalnámskrá frá 2011. Skólanámskráin var unnin á starfsdögum skólans með aðkomu allra starfsmanna. Foreldrar og börn komu ekki að gerð skólanámskrár¹⁵. Skólanámskráin uppfyllir í meginatriðum þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Starfsáætlun 2016–2017 liggur fyrir en er ekki á heimasíðu leikskólans. Í starfsáætlun 2016–2017 er að litlu leyti gerð grein fyrir símenntun síðasta starfsárs og áætlun núverandi starfsárs. Í lögum um leikskóla 90/2008 segir: „Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitafélags og skólanámskrár.“ Gera mætti markvissari símenntunaráætlun sem tekur mið af niðurstöðum úr starfsþróunar-samtölum og starfsáætlun leikskólans.

¹²Tölvupóstur frá þróunarfulltrúa Fræðslu- og frístundasviðs.

¹³Skólanámskrá leikskólans Hvamms.

¹⁴Heimasíða Hafnarfjarðar.

¹⁵Rýnihópur deildarstjóra.

Starfsmannahandbók er til fyrir leikskólann og liggur hún frammi á hverri deild. Starfsmannahandbók hefur að geyma hagnýtar upplýsingar fyrir starfsmenn leikskólans. Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum er til. Brunaæfingar eru haldnar og fyrir liggur rýmingaráætlun vegna bruna. Jafnréttisáætlun og eineltisáætlun eru til fyrir skólann. Verkferlar vegna slysa eru til og er það vinnuregla að hringja í foreldra og láta vita um öll slys, sama hversu lítil þau eru. Þá eru stöðluð skráningarblöð þar sem slys eru skráð¹⁶.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Leikskólastjóri hefur stýrt skólanum frá árinu 1999, hann ber ábyrgð á rekstri og faglegri stjórnun og aðhyllist lýðræði og dreifða stjórnun¹⁷. Aðstoðarleikskólastjóri hefur verið í þeirri stöðu frá 1998 og er í 50% starfshlutfalli sem stjórnandi. Hlutverk hans er m.a. móttaka nýrra starfsmanna og að fara með þeim yfir starfsmannahandbók¹⁸. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri koma saman að ráðningu nýrra starfsmanna og afla upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu. Verklag um móttöku nýrra starfsmanna liggur fyrir. Deildarstjórar stýra faglegu starfi á deildum og koma að ákvörðunum leikskólans. Sérkennslustjóri er starfandi við skólann. Stjórnendateymi leikskólans er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjórum og sérkennslustjóra. Stjórnendateymisfundir/deildarstjórafundir eru einu sinni í viku og eru fundargerðir skráðar og settar upp á vegg svo og sendar starfsfólki í tölvupósti. Morgunfundir/stöðufundir stjórnendateymis eru haldnir dagleglega klukkan 8:30 þar sem dagurinn er rýndur og skipulagður. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að stöðufundir eigi það til að vera of langir sem veldur álagi á deildum. Að mati starfsmanna í rýnihópi mætti bæta upplýsingaflæði. Mikil rútína og keyrsla veldur því að upplýsingastreymi er ekki alltaf skilvirkt¹⁹. Samráðsteymi er myndað af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Deildarstjórar geta sent skriflegt erindi til samráðsteymis ef upp koma vandamál eða grunur um frávik hjá barni. Samráðsteymi ákvarðar áframhaldandi ferli²⁰. Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma, auk þess fá þeir starfsmenn sem bera ábyrgð á ákveðnu starfi, s.s. eru hópstjórar, undirbúningstíma og sjá deildarstjórar um að skipuleggja þá. Vegna aðstöðuleysis fyrir undirbúningstíma er hluti hans tekinn heima²¹.

Skipulagsdagar eru fimm á ári og liggur dagskrá þeirra tímanlega fyrir. Starfsmannafundir eru þann mánuð sem ekki er skipulagsdagur og eru deildarfundir hluti af þeim.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist aðhyllast lýðræðisleg vinnubrögð og dreifða stjórnun, t.d. gefur hann starfsfólki ekki frí nema deildarstjórar treysti sér til. Stjórnunarteymi eða samráðsteymi koma að ákvörðunum. Leikskólastjóri fer reglulega inn á deildir, t.d. alltaf á morgnana, þá gengur hann um húsið. Hann hvetur starfsfólk til að auka gæði starfsins og að sækja sér viðbótarnám²². Aðstoðarleikskólastjóri telur sig vera styðjandi stjórnanda, hafa góða yfirsýn og segist vera fljótur að grípa inn í þegar á þarf að halda og benda á leiðir til úrbóta. Aðstoðarleikskólastjóri fer í afleysingar á deildir og skoðar þá starfið í leiðinni og veitir endurgjöf og hrós²³. Í rýniviðtölum kom fram að stjórnendur mættu koma meira inn á deildir til að fylgjast með starfinu og veita endurgjöf²⁴. Verklag leikskólans um starfsþróunarsamtöl er að leikskólastjóri taki deildarstjóra, sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra í viðtal og að deildarstjórar taki viðtöl við starfsmenn sinna deilda. Misbrestur hefur orðið á að viðtöl séu tekin. Fram kom í rýniviðtali við deildarstjóra að þeir taki viðtal við sína starfsmenn en bagalegt sé að þeir fái ekki starfsþróunarsamtal við yfirmann sinn²⁵. Það kom fram í rýnihópi deildarstjóra að þeir leiti jafnt til beggja stjórnenda þar sem þeir telji að ekki sé formleg eða skrifleg verkaskipting þeirra á milli. Til er skrifleg verkaskipting á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra sem gerð var 2013 en deildarstjórar

¹⁶ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

¹⁷ Rýnihópur foreldra og skólanámskrá Fífusala.

¹⁸ Rýnihópur foreldra og skólanámskrá Fífusala.

¹⁹ Rýnihópur foreldra og skólanámskrá Fífusala.

²⁰ Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra.

²¹ Rýniviðtal við stjórnendur.

²² Rýniviðtal við leikskólastjóra.

²³ Rýniviðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

²⁴ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

²⁵ Rýniviðtal við deildarstjóra.

þekkingu ekki til hennar. Þá kom einnig fram að stjórnendur mættu vera sýnilegri og koma meira inn á deildir til að fylgjast með og veita endurgjöf. Bent var á að mikil hvatning væri frá stjórnendum um að sækja viðbótarmenntun, þannig að stundum væru of margir frá við að mennta sig sem valdi þreytu og álagi í starfinu²⁶. Í rýnivíðtölum við leikskólakennara og starfsmenn kom fram að stjórnendur kæmu meira inn á deildir en áður þó það mætti vera í enn meira mæli og að stjórnendur mættu veita meiri endurgjöf og hrós. Deildarstjórar gæfu endurgjöf og starfsmenn væru almennt duglegir að hrósa hver öðrum²⁷. Börnin þekktu vel leikskólastjórann, nafn hans og hlutverk²⁸. Foreldrar sögðu leikskólastjóra mjög sýnilegan, samskipti væru góð og vingjarnleg. Foreldrar voru sérstaklega ánægðir með það að hringt væri fyrst í feður barnanna ef eitthvað kæmi upp²⁹.

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnendur og starfsmenn sögðust vera stoltir af starfinu og að metnaður væri í starfsmannahópnum. Flestir í rýnihópnum sögðu starfsandann vera góðan, samvinna væri góð, ríkjandi traust og tillit sé tekið til mismunandi sjónarmiða³⁰. Andrúmsloftið er gott og afslappað. Virðing og gleði einkenna starfið og starfsmenn deila þekkingu sinni. Auðvelt er að leita til stjórnenda og samstarfsmanna ef upp koma erfiðleikar. Þó kom fram að stundum innleiði stjórnendur verkefni án þess að umræða hafi farið fram í starfsmannahópnum³¹.

Fagfólk er vakandi fyrir nýjum leiðum til að upplýsa og mennta börn³². Börnunum líður vel í leikskólanum og þau eru glöð. Þau sögðust tala við vini sína ef þeim liði illa eða kennarana og að kennararnir segi stundum að þau séu dugleg³³. Í vettvangathugun var það mjög sýnilegt. Starfsandinn versnaði í fyrravetur og röktu starfsmenn það til óviðráðanlegra „hremminga“ sem upp komu svo og til þess að of margir starfsmenn voru fjarverandi í einu vegna náms. Álag var mikið og meira varð um veikindi starfsmanna. Markvisst var unnið að því að bæta starfsandann sem er góður í dag og skilar það sér í betri mætingu starfsmanna til vinnu³⁴. Starfsmannahópurinn er duglegur að gera ýmislegt saman s.s. halda jólagleði, góugleði, haustgleði og vorfagnað, fara saman út að borða fyrir sumarfrí, taka sig saman og fara á námskeið eða annað sem einhver úr hópnum kemur með uppástungu um³⁵.

Styrkleikar

- Gott er að leita til Fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar.
- Starfsandi og skólabragur er góður.
- Stjórnendur eru duglegir að hvetja starfsmenn til náms og símenntunar.
- Starfsmannahandbók er til og aðgengileg á öllum deildum.
- Skólanámskrá var endurgerð 2016.
- Jafnréttisáætlun, eineltisáætlun og áfallaáætlun eru til.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi leikskólans og mikill metnaður er í starfi.
- Stjórnendateymi og samráðsteymi eru sýnileg og virk.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og það starf sem þar fer fram.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Leikskólinn er forystuskóli um markvissa málörvun og tvítyngd börn síðan 2006.

²⁶ Rýnivíðtöl við deildarstjóra.

²⁷ Rýnivíðtöl við starfsmenn.

²⁸ Rýnivíðtöl við börnin.

²⁹ Rýnivíðtöl við foreldra.

³⁰ Rýnihópar deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

³¹ Rýnihópur deildarstjóra, leikskólakennara og starfsmanna.

³² Rýnivíðtöl leikskólastjóra.

³³ Rýnihópur barna.

³⁴ Rýnihópar stjórnenda, deildarstjóra, starfsmanna.

³⁵ Rýnihópar stjórnenda, starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða má skriflega verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og kynna fyrir starfsfólki.
- Taka þarf starfsþróunarsamtöl reglulega og skrá niðurstöður og fylgja þeim eftir.
- Leita þarf leiða til að bæta samskipti leikskóla og stoðdeilda Fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar.
- Stjórnendur þyrftu að leggja áherslu á að fylgjast með námi og starfi á deildum í þeim tilgangi að veita starfsfólkinu endurgjöf.
- Starfsáætlun og skólanámskrá skal vinna í samráði við leikskólakennara, aðra starfsmenn, börn og foreldra; einnig þarf að leggja þær fyrir foreldraráð til umsagnar og fræðslunefnd til samþykktar.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu leikskólans.
- Bæta þarf símenntunaráætlun leikskólans.
- Birta skal starfsáætlun á heimasíðu leikskólans.
- Leggja þarf áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og samráð við starfsfólk þegar ákvarðanir um framkvæmd eru teknar.
- Gæta þarf að því að stöðufundir haldist innan tímaramma.
- Bæta má upplýsingastreymi til starfsmanna.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Sátt er um húsnæði leikskólans. Fjöldi barna á deildum er mismunandi frá ári til árs og fer það eftir því hvað árgangar eru stórir og hvernig kynjaskiptingin er innan árganga. Fram kom hjá starfsmönnum að það gæti verið erfitt ef fjöldi barna á deild væri yfir ákveðnum mörkum en erfitt er að bregðast við því þar sem um kynja- og aldurskiptingu í hópa er að ræða³⁶. Umhverfi leikskólans gefur börnunum færi á að vera virk og forvitin um umhverfi sitt³⁷. Útisvæði er gott og býður upp á fjölbreytileika. Starfsfólk er mjög duglegt að nýta sér umhverfið í kringum skólann til útínáms og hópastarfs. Í skólanámskránni segir „að leikskólinn er metnaðarfullt námsumhverfi þar sem unnið er með skapandi opinn efnivið sem hefur fleiri en eina lausn og er eins á öllum í deildum³⁸“. Efniviður er mjög fábrotinn en tekur mið af stefnu leikskólans. Einingakubbar eru á öllum deildum og einnig eru svamppúðar í sér herbergi, annar efniviður er ekki sýnilegur og börnin hafa ekki frjálst aðgengi að leikföngum. Í vali er boðið upp á blöð og liti, leir, einingakubba, svamppúða, teppi og útiveru. Valið er eins á öllum deildum og það sama er í boði í vali fyrir og eftir hádegi.

Í skólanámskrá segir um valið að „í valtíma er boðið upp á opin leikefni þar sem ímynd barna ræður ferðinni og sjálfbjarga börn skapa sinn eigin leikheim í friði innan ramma leikskólans³⁹“. Leikfangabanki er í sameiginlegu rými þar sem starfsfólk getur sótt sér efnivið til að vinna með í hópastarfi. Hjá elstu börnunum er aðstaða til listsköpunar en efniviður er fábrotinn og hafður inni í skáp og því ekki sýnilegur eða aðgengilegur börnunum. Hinar deildarnar hafa aðgang að vagni með blöðum og málningu en hann er geymdur í sameiginlegu rými leikskólans og þurfa starfsmenn því að sækja hann og fara með inn á deildar. Góð aðstaða er til hreyfileikja bæði úti og inni. Í dagskipulagi er jafnvægi milli skipulagðra athafna eins og hópastarfs og þess sem starfsmenn kölluðu frjálstan leik eða val.

³⁶ Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

³⁷ Skólanámskrá Hvamms.

³⁸ Skólanámskrá Hvamms.

³⁹ Skólanámskrá Hvamms.

Starfshættir

Í uppeldisstarfinu er stuðst við Hjallastefnuna og er dagskipulagið samkvæmt því. Starfsfólk talar um að dagskipulagi sé mjög stýrt og lítið breytt út af því⁴⁰. Í skólanámskrá segir „í huga okkar hér í Hvammi eru jákvæð samskipti, jafnrétti og vinátta eitt það mikilvægasta sem við getum eftt hjá börnunum og að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér, samnemendum, fullorðnum og umhverfi sínu. Við viljum að börn tileinki sér aga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð og að allir geri sitt besta og þroski fjölþætta eiginleika sína“⁴¹. Í vettvangsathugun sáu matsaðilar að umhyggja og virðing einkennir samskipti starfsfólks við börn. Börnin voru vinnusöm og sjálfstæð. Samstarf er á milli deilda og er svokallað milli-deildarval en þá getur ákveðinn fjöldi barna af miðdeild valið að fara yfir á elstu barna deild og öfugt.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Dagskipulag býður ekki upp á sveigjanleika og lýðræðisleg þátttaka barnanna er ekki mjög sýnileg nema í vali þar sem börnin velja svæði en þau geta ekki haft áhrif á verkefnaval á svæðinu. Farið er eftir ákveðnu kerfi við valið og er markmiðið að jafna rétt barna. Val barnanna er skráð og það barn sem fyrst velur er síðast til að velja næst. Í skólanámskrá segir að „með þessu er tryggt að allir verða einhvern tíma fyrstir og síðastir“⁴². Börnin læra fljótt að treysta þessu⁴³. Í rýnivíðtölum barna kom fram að þau mega ekki ráða „en það má vera frjálst ef kennarinn segir það. Það má ekki skipta um val og ekki hætta við því þá dettur maður út úr vinahringnum“⁴⁴. Börnin þekktu reglurnar í leikskólanum og töldu upp nokkrar, þau voru samt ekki viss um hver hefði gert þær⁴⁵. Í rýnihópi leikskólakennara kom fram að starfsfólk hefði sett reglurnar nema reglur um vináttu, þær tóku börnin þátt í að gera⁴⁶. Í rýnivíðtölum við starfsfólk kom fram að í hópastarfi og vettvangsferðum séu börnin oft spurð hvað þau vilji gera og er þá reynt að koma til móts við áhuga þeirra⁴⁷.

Námssvið

Í skólanámskrá leikskólans er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár. Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Þar segir að mikilvægt sé að þekkja stöðu hvers barns „því við viljum auka hæfni til að takast á við nýjar áskoranir í síbreytilegum heimi, efla skilning og finna hæfileika.“ Almenn menntun er bæði einstaklings, hópmiðuð og samfélagsleg⁴⁸.

Leikskólinn Hvammur hefur verið forystuskóli í markvissri málörvun með áherslu á tvítýngi frá haustinu 2006. Formlega lauk innleiðingu verkefnisins 2011. Tilgangur verkefnisins er að efla tilfinningalegan, vitrænan og málfarslegan þroska barna og hvetja til jákvæðra samskipta, bæta verklag og skráningu. Námsefni fyrir eldri börnin er unnið upp úr vinnubókinni: *Tölum saman*, sem er málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskaraskanir og tvítýngi sem gefið var út 2005 af Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjarteyju Sigurðardóttur. Yngri börn leikskólans taka þátt í *Bassastund* (Peabody) sem er bandarískt námsefni sem hefur þann tilgang að efla tilfinningalegan, vitrænan og málfarslegan þroska barna. Uppistaðan eru tvær handbrúður sem aðstoða kennarann og eru kennslustundirnar í formi söngva, sögulesturs og leikja. Skólinn hlaut viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar 2014 fyrir frumkvæði í kennslu í læsi, félagsfærni og samskiptum. Áhersla næsta skólaár er áfram á læsi og snemmtæka íhlutun. Á vorönn 2015 var farið af stað með nýtt námsefni, *Lubbi finnur málbein* og *K-pals*. Unnið verður áfram að festa í sessi námsefnið um Lubba í öllum aldurshópum og *K-pals* með elstu börnunum⁴⁹.

Unnið er markvisst að stafainnlögn í leikskólanum. Vikulega kemur nýr stafur sem unnið er með alla vikuna. Í rýnihópi foreldra kom fram að elstu börnin væru orðin læs í lok leikskólagöngu og var almenn ánægja með það hjá foreldrum⁵⁰. Stafróf er sýnilegt á öllum deildum og myndverk með skráningum eru sýnileg á eldri deildum. Leikskólinn á gott bókasafn sem staðsett er í sameiginlegu rými og er flokkað eftir aldri barna. Starfsfólk getur sótt sér bækur þangað en fáar bækur eru inni á deildum og ekki aðgengilegar börnunum. Í samverustundum er sungið, spjallað og lesið. Í hópastarfi eru börnin spurð og hvött til samræðna, einnig eru matartímar nýttir til samræðna.

⁴⁰ Rýnihópur starfsmanna.

⁴¹ Skólanámskrá Hvamms.

⁴² Skólanámskrá Hvamms.

⁴³ Rýnivíðtal starfsmanna og deildarstjóra.

⁴⁴ Rýnivíðtal barna.

⁴⁵ Rýnivíðtal barna.

⁴⁶ Rýnihópur leikskólakennara og starfsmanna.

⁴⁷ Rýnihópar starfsmanna, leikskólakennara og deildarstjóra.

⁴⁸ Skólanámskrá Hvamms.

⁴⁹ Starfsáætlun Hvamms 2015–2016.

⁵⁰ Rýnihópur foreldra.

Mikil áhersla er lögð á heilbrigði og vellíðan í öllu leikskólastarfinu. Börnin eru studd með félagslegum tengslum, sjálfstæði, mikilli hreyfingu og útivist. Öll börn fara út daglega og er annar hópátíminn notaður fyrir vettvangsferðir en svæðið í kringum leikskólann býður upp á mikla fjölbreytni í útiveru og er mikið notað til vettvangsferða og leikja. Auk þess er útivera hluti af vali. Lögð er áhersla á hollt mataræði og hvíld en öll börn fá dýnu og teppi til að hvíla sig eftir hádegi.

Unnið er að sjálfbærni og vísindum í gegnum náttúruna og fá börnin tækifæri til að rannsaka hana og kanna. Leikskólinn er grænfánaskóli og börnin taka þátt í að flokka rusl. Þar á meðal er lífrænt rusl flokkað sérstaklega inni á deildum og sjá börnin um það. Einingarkubbar eru á hverri deild og eru þeir eitt af valsvæðunum.

Unnið er með sköpun í hópastarfi. Efniviður til listsköpunar er ekki sýnilegur en til er vagn með efniviði til myndlistar sem starfsfólk getur farið með inn á deildir. Börnin taka þátt í menningarviðburðum svo sem að heimsækja bókasafnið reglulega og taka þátt í sögustundum og fá lánaðar bækur, syngja í jólaþorpi Hafnarfjarðar, fara í heimsókn í Sívertsenhúsið í desember og annað sem til fellur. Foreldrafélagið býður upp á leiksýningu einu sinni á ári fyrir börnin.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli aðila. Í skólanámskrá kemur fram að tillitsemi, hjálpssemi, virðing og umhyggja séu mikilvæg gildi og kom það vel fram í starfinu⁵¹. Í vettvangsathugun sáu matsmenn sjálfstæð, glöð og starfsöm börn og uppbyggileg samskipti starfsmanna við börnin. Í rýnihópi barnanna kom fram að þeim líður vel í leikskólanum og eru glöð að koma⁵². Einnig kom fram í rýnihópum starfsmanna að börnunum líði vel og þau fái að blómstra sem einstaklingar. Þá sagði starfsfólk að foreldrar væru ánægðir með leikskólann⁵³. Foreldrar tala um að líðan barnanna sé góð og að þau tali vel um skólann heima⁵⁴.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna er unnið með skipulögðum hætti. Tras skráningarlistinn er lagður fyrir reglulega. Hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna. Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Foreldrar og starfsmenn meta málþroska barnanna og fylla út gátlista. Hljóm -2 sem kannar hljóð- og málvitund er lagt fyrir elstu börn leikskólans og þegar niðurstöður liggja fyrir er farið í að styrkja sérstaklega þau börn sem þess þurfa⁵⁵. Valið er skráð daglega og er mánaðarlega gerð samantekt á vali barnanna. Hópstjórar fylla í gátlista um almenna færni barnsins fyrir foreldraviðtöl. Börnin eiga ferilmöppu sem fylgir þeim á milli deilda og í lok leikskólagöngu fá þau hana heim. Lítillega er unnið með uppeldisfræðislegar skráningar.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta þroska barna.
- Starfsfólk leggur sig fram um að hafa jákvæð og uppbyggjandi samskipti við börnin.
- Stefna leikskólans birtist skýrt í leikskólastarfinu.
- Mikil áhersla er á útinám og hreyfingu.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námsvið aðalnámskrár.
- Unnið er markvisst með málörvun barna.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.

⁵¹ Skólanámskrá Hvamms.

⁵² Rýnihópur barna.

⁵³ Rýnihópur starfsmanna, leikskólakennara og deildarstjóra.

⁵⁴ Rýniviðtal foreldra.

⁵⁵ Skólanámskrá Hvamms.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að gera uppeldisfræðilegar skráningar sýnilegar í öllum leikskólanum.
- Auka mætti lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja tveir fulltrúar kosnir úr stjórn foreldrafélagsins og leikskólastjóri. Foreldraráð fundar ekki reglulega en fram kom í rýnihópi foreldra að fulltrúi telji aðalhlutverk foreldraráðs vera að mæta á fundi hjá Fræðslu og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar og lesa starfsáætlun leikskólans yfir á vorin og gefa umsögn um hana⁵⁶. Ráðið hefur ekki gert sér starfsreglur og ekki eru skráðar fundargerðir.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru haldnir fundir eftir þörfum. Í stjórn félagsins sitja 11 foreldrar og leikskólastjóri situr fundina sem tengiliður skólans. Lög félagsins eru til og ritaðar eru fundargerðir sem birtar eru á heimasíðu leikskólans.

Leikskólastjóri tekur á mótum nýjum foreldrum og kynnir þeim áherslur leikskólans og skipulag. Aðlögun tekur í flestum tilfellum viku og hefst hún með heimsókn til hópstjóra hópsins sem barnið á að vera í og gera hópstjóri og foreldri áætlun sín á milli um aðlögunina. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári í október og mars. Í nóvember var gerð tilraun með að hafa öll foreldraviðtölin á skipulagsdegi og var boðið upp á gæslu á útileiksvæði skólans á meðan þau fóru fram.

Upplýsingatöflur eru við hverja deild þar sem skoða má yfirlitsblöð um hvað var gert í hópavinnu, súlurit yfir val barnanna og upplýsingar um hvernig yngstu börnin borðuðu og sváfu⁵⁷. Á föstudögum senda deildarstjórar tölvupóst til foreldra með fréttum frá deildinni og fer það einnig á heimasíðu leikskólans. Fram kom í rýnihópi foreldra að þeim finnst daglegar upplýsingar þegar komið er með börnin og þau sótt skila sér best ásamt tölvupósti⁵⁸.

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihópi voru mjög jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn. Foreldrar upplifa sig velkomna í leikskólann og þeir eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu. Viðhorf starfsmanna til barnanna eru mjög góð og þeir leggja sig fram við að hlusta bæði á börnin og foreldrana. Foreldrar upplifa að það sé góður starfsandi og að starfsfólk sé metnaðarfullt. Fram kom hjá foreldrum að þeim finnst gott að leita til starfsmanna og stjórnenda og alltaf er reynt að kom til móts við óskir þeirra⁵⁹.

Samstarf við grunnskóla

Gott samstarf er við Öldutúnsskóla sem er hverfissskólinn. Gerð er áætlun um samstarf fyrir komandi vetur sem birtist í starfsáætlun að vori. Í starfsáætlun fyrir árið 2016–2017 segir að í september og nóvember séu heimsóknir grunnskólabarna í leikskólann og í febrúar, apríl og maí séu heimsóknir elstu barna leikskólans í grunnskólann. Á degi íslenskrar tungu koma börn úr 4. bekk grunnskólans í leikskólann og lesa sögur fyrir börnin. Formleg skólaskil eru að vori. Í haust er sú nýjung að deildarstjórar elstu barna í leikskólanum og kennarar yngstu barna í grunnskólanum hittast og kynna sér störf og áherslur í starfi hjá hvoru skólastigi fyrir sig. Á skipulagsdegi í nóvember er áætlað að deildarstjórar leikskólans kynni fyrir kennurum Öldutúnsskóla og starfsfólki leikskólans Brekkuhvamms læsisstefnu Hvamms og hvernig unnið er með hana. Einnig kynna hinir skólarnir áherslur sínar í skólastarfinu og hvernig er unnið að þeim⁶⁰.

⁵⁶ Rýnihópur foreldra og viðtal við leikskólastjóra.

⁵⁷ Skólanámskrá.

⁵⁸ Rýnihópur foreldra.

⁵⁹ Rýnihópur foreldra.

⁶⁰ Rýnihópur deildarstjóra.

Annað samstarf

Börnin heimsækja ýmis fyrirtæki og stofnanir svo sem tónlistarskólann og bókasafnið en vinsælt er að taka þátt í sögustundum þar. Einnig er farið í byggðasafnið og heimsóknir í Sívertsenhúsið á aðventunni. Ýmis tækifæri eru nýtt til að fara á listasýningar og aðra menningarviðburði. Börnin sýna leikskólastarfræðslu í jólaþorpinu og *Björtum dögum* í Hafnarfirði auk þess sem elstu börnin syngja á *Syngjandi jólum* í Hafnarborg⁶¹.

Styrkleikar

- Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra.
- Gott samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.
- Fundargerðir foreldrafélagsins eru aðgengilegar á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa ætti í foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008
- Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu.

Skóli án aðgreiningar

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustjóri í 60% starfshlutfalli og hefur hann yfirumsjón með sérkennslumálum skólans. Skólinn nýtur þjónustu Fræðslu og frístundasviðs Hafnarfjarðarbæjar þar sem eru starfandi sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur og talmeynafræðingur. Sérkennslan er ein deild í leikskólanum og er sérkennslustjóri deildarstjóri hennar. Auk hans eru 5 aðrir starfsmenn sem sinna sérkennslu. Sérkennslustjóri tekur þátt í daglegum samráðs- og deildarstjórafundum⁶². Hann sér um frumgreiningu hjá börnunum og leiðbeinir starfsfólkinu. Samráðsteymi er starfandi innan leikskólans en það skipar leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni geta deildarstjórar sent erindi til samráðsteymis sem skoðar málið og vinnur það áfram. Ef meiri aðstoðar er þörf þá er send beiðni til Fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðar. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með sérkennslubörn inni í hópnum en ef þörf krefur er unnið með þau einstaklingslega. Sérkennslustjóri sér um að gera einstaklingsnámskrá í samvinnu við annað starfsfólk sem sinnir sérkennslu. Einstaklingsnámskrá er lögð fyrir foreldra sem geta bætt við sínum áherslum. Einnig heldur sérkennslustjóri utan um teymisfundi ásamt deildarstjórum. Sérkennslustjóri handleiðir starfsfólk sem sinnir sérkennslu.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Stuðst er við skráð verklag frá skólaskrifstofu fyrir móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í leikskólanum. Í dag er ekkert barn í leikskólanum þar sem báðir foreldrar eru erlendir en 25 börn eru af erlendum uppruna. Í foreldraviðtölum þar sem annað foreldri er erlent er alltaf notast við túlka.

⁶¹ Skólanámskrá, viðtöl við leikskólastjóra.

⁶² Viðtal við sérkennslustjóra.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Vel er staðið að stuðningi við börn sem þurfa sérstaka aðstoð innan leikskólans.
- Vel er unnið að málörvun barna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning.
- Til er skráð verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að skrá verkferla og skipulag sérkennslu, einnig verkferla ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Mat á starfsháttum fer reglulega fram á deildarstjóraráfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum að sögn leikskólastjóra og deildarstjóra. Langtímaáætlun um innra mat liggur ekki fyrir en gerð hefur verið matsáætlun fyrir skólaárið sem birtist í starfsáætlun. Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2016–2017 er talað um að áhersla sé á að allt skólasamfélagið taki þátt í mati á skólastarfinu. Helstu mælikvarðar eru viðhorfskannanir foreldra og starfsmanna, vefmælingar og tölulegar mælingar, markmið í skólanámskrá og starfs- og foreldarviðtöl⁶³. Í Aðalnámskrá frá 2011 segir: „með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna.“ Matið í leikskólanum Hvammi er ekki kerfisbundið. Ekkert matsteymi starfar við skólann og stjórnendur sjá að mestu um skipulag og framkvæmd mats.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Mat á stöðu og framförum barnanna fer fram reglulega. Leikskólastjóri sagði að Ecers kvarði væri nýttur í mat en matið færi að mestu fram óformlega í umræðum og niðurstöður væru settar í fundargerðir. Fundargerðir eru ekki birtar á heimasíðu leikskólans. Ecers kvarðinn virðist ekki hafa verið aðlagður að Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Viðhorfskannanir til foreldra og starfsmanna á vegum sveitafélagsins eru lagðar fyrir annað hvert ár og eru niðurstöður nýttar til umbóta.

Opinber birting og umbætur

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum innra mats og umbótaþættir tilgreindir auk þess sem lauslega er farið yfir hvernig tekst hefur að vinna að umbótum frá síðasta skólaári. Ekki er um eiginlega umbótaáætlun að ræða þar sem t.d. vantar að tilgreina aðgerðir og tímasetningu svo og ábyrgðaraðila.

Styrkleikar

- Mat á starfsháttum fer fram reglulega með viðhorfskönnun til foreldra og starfsmanna og starfsfólk í grundar starfið á fundum.
- Reglulega fer fram mat á færni og framförum barna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mat.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

⁶³Starfsáætlun 2016–2017.

Tækifæri til umbóta

- Innra mat skólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá eða starfsáætlun.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum skólans út frá tilgreindum viðmiðum. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig skuli afla gagna.
- Allir hagsmunahópar þurfa að koma að því að ákveða áherslur og skipulags innra mats með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið starfsfólks, foreldra og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta eigi árangurinn.
- Ef nota á Ecers kvarðann sem viðmið um gæði þarf að aðlaga hann að aðalnámskrá leikskóla og einnig stefnu skólans þannig að helstu markmið séu metin reglulega og markvisst.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- $D \rightarrow 1,0 - 1,5 = \text{rautt}$ – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- $C \rightarrow 1,6 - 2,5 = \text{gult}$ – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $B \rightarrow 2,6 - 3,5 = \text{ljósgrænt}$ – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $A \rightarrow 3,6 - 4 = \text{grænt}$ – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangs efni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Hvamms: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna leikskólans kemur skýrt fram í skólanámskrá.
- Mikill metnaður er í starfsmannahópnum og markvisst er unnið að því að auka fagmennsku starfsmanna.
- Umhverfi leikskólans er nýtt til náms og leikja, bæði garður leikskólans og annað umhverfi.
- Gott er að leita til Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.
- Starfsandi og skólabragur er góður.
- Stjórnendur eru duglegir að hvetja starfsmenn til náms og símenntunar.
- Starfsmannahandbók er til og aðgengileg á öllum deildum.
- Skólanámskrá var endurgerð 2016.
- Jafnréttisáætlun, eineltisáætlun og áfallaáætlun er til fyrir leikskólann
- Starfsmenn eru stoltir af starfi leikskólans og mikill metnaður er í starfi.
- Stjórnendateymi og samráðsteymi eru sýnileg og virk.
- Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og það starf sem þar fer fram.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Leikskólinn er forystuskóli um markvissa málörvun með áherslu á tvítyngd börn síðan 2006.
- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að meta þroska barna.
- Starfsfólk leggur sig fram um að hafa jákvæð og uppbyggjandi samskipti við börnin.
- Stefna leikskólans byrtist skýrt í leikskólastarfinu.
- Mikil áhersla er á útinám og hreyfingu.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Unnið er markvisst með málörvun barna.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er jákvætt og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Starfsfólk leggur sig fram um að koma upplýsingum til foreldra.
- Gott samstarf er við grunnskólann og er áætlun um það birt í starfsáætlun.
- Fundargerðir foreldrafélagsins eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.

- Vel er staðið að stuðningi við börn sem þurfa sérstaka aðstoð innan leikskólans.
- Vel er unnið að málörvun barna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning.
- Til er skráð verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Mat á starfsháttum fer fram reglulega með viðhorfskönnun foreldra og starfsmanna og starfsmenn ígrunda starfið á fundum.
- Reglulega fer fram mat á færni og framförum barnanna.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar í innra mat.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Bæta þarf funda- og vinnuásetningu starfsmanna.
- Gera þarf einkunnarorð leikskólans sýnilegri.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir starfsmenn í fataklefum s.s. með stólum.
- Endurmeta má skriflega verkaskiptingu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og kynna fyrir starfsfólki.
- Taka þarf starfsþróunarsamtöl reglulega og skrá niðurstöður og fylgja þeim eftir.
- Leita þarf leiða til að bæta samskipti leikskóla og stoðdeilda Fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar.
- Stjórnendur þyrftu að leggja áherslu á að fylgjast með námi og starfi á deildum í þeim tilgangi að veita starfsfólki endurgjöf.
- Starfsáætlun og skólanámskrá skal vinna í samráði við leikskólakennara, aðra starfsmenn, börn og foreldra, einnig þarf að leggja þær fyrir foreldraráð til umsagnar og fræðslaráðs til samþykktar.
- Bæta þarf upplýsingum á heimasíðu leikskólans.
- Bæta þarf símenntunaráætlun leikskólans.
- Birta skal starfsáætlun á heimasíðu leikskólans.
- Leggja þarf áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og samráð við starfsfólk þegar ákvarðanir um framkvæmd eru teknar.
- Gæta þarf að því að stöðufundir haldist innan tímaramma.
- Bæta má upplýsingastreymi til starfsmanna.
- Æskilegt er að gera uppeldisfræðilegar skráningar sýnilegar í öllum leikskólanum.
- Auka mætti lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.
- Kjósa ætti í foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að skrá verkferla og skipulag sérkennslu, einnig verkferla ef upp kemur þroskafrávik hjá barni.

- Innra mat skólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá eða starfsáætlun.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum skólans út frá tilgreindum viðmiðum. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig skuli afla gagna.
- Allir hagsmunahópar þurfa að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Leita þarf til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið starfsfólks, foreldra og barna.
- Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta eigi árangurinn.
- Ef nota á Ecers kvarðann sem viðmið um gæði þarf að aðlagga hann að aðalnámskrá leikskóla og einnig stefnu skólans þannig að helstu markmið séu metin reglulega og markvisst.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Hvammi leiðir í ljós að þar fer fram gott og metnaðarfullt leikskólastarf. Starfsandi er góður og starfsfólk sýnir börnunum virðingu og umhyggju. Börnunum líður vel og foreldrar eru ánægðir með leikskólann og samskipti við starfsmenn og stjórnendur. Gott samstarf er við grunnskóla hverfisins. Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsmanna. Þá mætti auka áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Huga þarf að bættu verklagi við kosningu í foreldraráð svo og að verksviði ráðsins. Auka þarf innra mat leikskólans og tryggja að raddir allra hópa heyrist.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 4. nóvember 2015. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Lög um leikskóla Nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Skólanámskrá Hvamms.

Starfsáætlun Hvamms 2016–2017.

Heimasíða Hvamms.

Heimasíða Hafnarfjarðar.

Starfsmannahandbók leikskólans Hvamms.

Jafnréttisáætlun leikskólans Hvamms.

Eineltisáætlun leikskólans Hvamms.

Tölvupóstsamskipti við þróunarfulltrúa Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Viðtöl:

Símtal við Leikskólastjóra, fræðslustjóra Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

